



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á afmælisráðstefnu
Líffræðistofnunar Háskóla Íslands og
Líffræðifélags Íslands
18. nóvember 1999**

Heiðruðu ráðstefnugestir

Við Íslendingar sækjum einatt röksemdir og réttlætingu til sögu okkar, menningar og fornrar tíðar þegar svarað er spurningum um rétt okkar til sjálfstæðis og fullgildrar þátttöku í samfélagi þjóðanna.

Vissulega voru slíkar tilvísanir öflugur vitnisburður þegar fámenn og fátæk þjóð bænda og fiskimanna var að fóta sig á torsótttri göngu til fullveldis og forræðis í eigin málum.

En tannhjól tímans breytir mörgu og síðari ár hefur orðið áleitnari sú hugsun að á öldinni sem senn heilsar, jafnvel nú þegar á okkar dögum, muni aðrir þættir reynast áhrifameiri þegar orðstír og sess, áhrif og staða Íslendinga í samfélagi þjóðanna verða vegin og metin.

Árangur okkar í vísindum og listum, framlag okkar til nýsköpunar í þekkingu og sjálfskilningi mannsins, viðhorf okkar til náttúrunnar, lífríkisins og varðveislu þess margbreytileika sem á rætur í sköpunarverkinu sjálfu – slík verk okkar í nútíð og framtíð munu ef til vill vega þyngra á vogaskálum hins alþjóðlega samfélags en þátttaka í formlegum stofnunum og framganga þeirra sem samkvæmt titlum og embættum eru þar fulltrúar, og ber þó ekki að lasta störf þeirra og metnað.

En veröldin er orðin á þann veg að sköpunarkraftur í vísindum og listum, nýjungar í þekkingu og menningu eru ásamt virðingunni sem í verki

er sýnd lífríki jarðar, náttúrunni og sjálfri sinfóníu tilverunnar eins og hún birtist í litríkum gróðri, lífheimi hafs og vatna, dýrum merkur, fuglum lofta og þeirri margbrotnu örveröld sem tæknin og vísindin eru sífellt að stækka og skýra þótt hún sé enn eins og um aldir hulin berum augum – þessir eiginleikar allir munu úrslitum ráða um þá vegsemd og virðingu sem Íslendingar hljóta í samfélagi heims; inntakið og erindið sjálft verða forminu sterkara þegar spurt verður um raunverulegt sjálfstæði þjóða.

Í ljósi slíkra breytinga er það mikið fagnaðarefni að sjá kraftinn, fjölbreytileikann og metnaðinn sem birtist í viðamikilli dagskrá afmælisráðstefnu Líffræðistofnunar Háskólans og Líffræðifélags Íslands. Hér hefur verið valin sú leið að láta verkin tala og reiða fram í erindum og umræðum margbreytilegan árangur vísindastarfs og rannsókna, hugsunar og fræða.

Þau sem grundvöllinn lögðu að líffræðinni á Íslandi geta svo sannarlega fagnað hér fjölþættum árangri og hin nýja kynslóð vísindamanna og rannsækenda sem hér kynnir árangur af starfi sínu getur glaðst yfir því að vera ekki aðeins þátttakandi í alþjóðlegri framþróun vísindanna, heldur líka öflug liðssveit við að styrkja og breikka vísindasamfélag Íslendinga.

Vandinn er hins vegar sá að um leið og árangurinn verður meiri vex ábyrgðin og skyldan að tengja þekkinguna við verkefni og ákvarðanir hins lýðræðislega samfélags.

Vissulega er hægt að halda til streitu því viðhorfi að vísindin séu annarrar ættar og megi leita skjóls í einangrun sem þó er hvergi til nema í afsökunarsmíð þeirra sem til hennar vilja vísa. Mun sú iðja verða öllu erfiðari nú en áður því viðhorf almennings og þjóða eru æ meir á þann veg að vilja varðveita lífríkið sjálft, eðli náttúrunnar, gróður og dýralíf og meta af varkárni þann árangur sem náðst hefur í rannsóknum á eðli mannsins, erfðum og eiginleikum.

Við erum fyrsta kynslóðin frá því upphafi sem kennt er við aldingarðinn sem öðlast hefur það vald sem í helgri bók er ætlað almættinu einu, vald til að breyta og eyða því sem áður var aðeins náttúrunnar sjálfrar, að fara höndum um sköpunarverkið sjálft án þess að vita þó með vissu hverjar afleiðingarnar verða.

Í árdaga nýrrar aldar er líffræðin því á tímamótum sem erfitt var að sjá fyrir hvað þá heldur skilja og skilgreina þegar sú starfsemi sem við heiðrum hér í dag var að mótast og vaxa úr grasi.

Nýir tímar, árangur rannsóknastarfs, breytt viðhorf til verndunar lífríkis og náttúru, kröfur um lýðræði og upplýsta umræðu, um stefnumótun á grundvelli þekkingar og vísinda munu knýja á um að hlutverk vísindanna á vettvangi valdsins séu vegin og metin á ný, sem og skyldan sem rannsakandinn ber gagnvart hinu lýðræðislega samfélagi, ábyrgð gerandans sem færir okkur nýjan vísadóm, ábyrgð hans, siðferðileg, félagsleg og mannleg.

Glæsileg afmælisráðstefna Líffræðifélags Íslands og Líffræðistofnunar Háskólans er sannarlega vitnisburður um metnað, vísindalega hæfni og fjölþættan árangur rannsókna og fræðastarfs. Hún er einnig fagnaðarefni Íslendingum öllum því hún sýnir að á vegamótum sem færa þjóð okkar sífellt vandasamari úrlausnarefni er hægt að sækja þekkingu og styrk í vísindasamfélag íslenskrar líffræði, vísindasamfélag sem er bæði fullgildur þátttakandi í sköpun alþjóðlegrar þekkingar og einnig við endurnýjun þeirrar sjálfsvitundar sem færir okkur sönnun þess að Íslendingar hafi nú og muni á nýrri öld eiga efnisrík erindi við aðrar þjóðir.

Um leið og ég færi ykkur hamingjuóskir og þakkir þjóðarinnar á þessum tímamótum er mér í senn ánægja og heiður að setja formlega afmælisráðstefnu Líffræðistofnunar Háskóla Íslands og Líffræðifélags Íslands.